

Betadeild 2011 - 2012



Starfsárið 2011- 2012 hófst með ferð á Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þangað fóru þrettán Betasystur og skoðuð þetta áhugaverða safn undir leiðsögn safnvarðar. Að heimsókn lokinni fór hópurinn á veitingastaðinn „Potturinn“ og átti þar góða kvöldstund.

Markmið stjórnar þetta starfsárið er að gera konur virkari í starfinu og efla kynni þeirra innbyrðis. Það markmið er tilkomið eftir hópavinnu frá síðasta starfsári. Leiðir sem farnar verða til þess eru m.a. að allar Betasystur taki þátt í að undirbúa og stjórna deildarfundum. Þannig ættu þær sem undirbúa fundina að kynnast betur auk þess sem þær fá tækifæri til að stjórna fundi sem er hluti af markmiðum samtakanna þ.e. leiðtogahæfni. Ákveðið var að reyna þetta fyrirkomulag á framkvæmd funda eftir áramótin. Annað sem hefur verið gert markvisst til að efla virknina er að formaður hefur fengið einhverja úr hópi félagskvenna til að kveikja á kertunum þremur við setningu fundar. Eftir áramótin ákvað stjórnin að boða til svokallaðs „hefðafundar“. Tilgangurinn með fundinum var að skrá og festa í sessi hefðir Betadeildar sem konur vilja tryggja að haldist. Til fundarins voru boðaðar fjórar Betasystur sem hafa verið lengi í deildinni, sumar alveg frá stofnun. Þetta var mjög fróðlegur og gefandi fundur fyrir þær í stjórninni sem nýlega eru komnar inn í deildina. Fyrirhugað er að kynna afrakstur fundarins á aðalfundi í vor og setja á heimasíðu deildarinnar.



Haldnir hafa verið sex fundir á starfsárinu auk haustferðar og eru fyrirhugaðir tveir fundir fram á vor auk afmælishátíðar. Á þessum fundum hefur margt verið gert, t.d. var Ingibjörg Auðunsdóttir Betasystir með erindi um birtingarmynd eineltis stúlkna en rannsóknir sýna að það birtist ekki eins og einelti drengja. Á þeim fundi voru tvær nýjar konur teknar inn. Sameiginlegur jólafundur Betadeildar og Mydeildar var haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar

voru samankomnar 36 konur sem skemmtu sér við spjall og jólasöngva. Jólagesturinn var frá Austur Þýskalandi og sagði frá jólunum í sínu ungðæmi þar.

Nýtt ár hófst með nýju fyrirkomulagi í undirbúningi og stjórnun funda í Betadeild. Fyrsti fundurinn með því sniði var bókafundurinn í janúar sem haldinn var í heimahúsi og er ávallt vel sóttur. Eftir bókafundum er venja að gefa út lista yfir þær bækur sem Betasystur mæla með. Hann er birtur á heimasíðunni. Sama fyrirkomulag var á febrúarfundi og fékk undirbúningshópurinn iðjubjálfa sem er í Mydeild til að vera með hópeflis-leiki til að þjappa Betasystrum enn betur saman. Báðir þessir fundir hafa verið afar vel heppnaðir.

Marsfundurinn var óhefðbundinn í formi leshrings þar sem deildin fékk inni á nýja Icelandairhótelinu á Akureyri, en í því húsi var áður kennaradeild Háskólans á Akureyri og þar áður Verkmenntaskólinn og Iðnskólinn. Hótelstýran gekk með okkur um húsið og sagði okkur frá breytingunum. Fyrir þennan fund höfðu Betasystur lesið tvær bækur til að fjalla um, það eru bækurnar „Jójó“ eftir Steinunni Sigurðardóttur og „Húshjálpin“ eftir Kathryn Stocker. Ákveðið var á þessum fundi að á næsta ári yrði fjallað um faggrein eða fagbók um skóla- eða uppeldismál auk einnar bókar sem félli þá undir fagurbókmenntir. Síðan er fyrirhugaður hefðbundinn fundur í apríl og aðalfundurinn verður 11. maí í heimahúsi þar sem fram fara stjórnarskipti. Á þeim fundi er gert ráð fyrir að vígja inn tvær nýjar konur og verða Betasystur þá orðnar 28.

Lokafundur Betadeildar á þessu starfsári er fyrirhugaður 2. júní næstkomandi en þá á Betadeild 35 ára afmæli. Ætlunin er að halda upp á daginn með því að koma saman, bjóða gestum og heiðra konu hér á Norðurlandi fyrir framlag til mennta- og/eða menningarmála.

Samstarfið við nýstofnaða Mydeild hér á svæðinu hefur verið gott og fagna Betasystur nálægð annarrar deildar. Eins og komið hefur fram var jólafundur deildanna sameiginlegur. Einnig fóru Þorgerður formaður Betadeildar og Ingibjörg Auðunsdóttir á deildarfund hjá Mydeild með kynningu á samtökunum. Fyrirhugað er svo að bjóða Mydeildinni á afmælisfund Betadeildar sem haldinn verður 2. júní næstkomandi eins og komið hefur fram.

Stjórn Betadeildar skipa: Þorgerður Sigurðardóttir formaður, Jónína Eiríksdóttir varaformaður og Hanna Salómons dóttir meðstjórnandi. Þórunn Bergsdóttir ritari var í

stjórninni en þurfti frá að hverfa vegna veikinda. Gjaldkeri er Sigrún Aðalgeirsdóttir.
Eygló Björnsdóttir fráfari formaður hefur starfað með stjórninni síðustu tvö ár.

Fyrir hönd stjórnar Betadeilar
Þorgerður Sigurðardóttir, formaður.